

## **Byggðastofnun**

### **Árshlutareikningur janúar - júní 2011**

Ártorg 1  
550 Sauðárkrókur

Kt. 450679-0389

# Efnisyfirlit

---

Áritun og skýrsla stjórnar Byggðastofnunar.....	1
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda.....	2
Rekstrarreikningur janúar - júní 2011.....	3
Efnahagsreikningur.....	4
Sjóðstreymi janúar - júní 2011.....	6
Skýringar.....	7

# Áritun og skýrsla stjórnar Byggðastofnunar

---

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Aðalstarfsemi stofnunarinnar er að veita lán eða annan fjárhagslegan stuðning í því skyni meðal annars að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir að óæskileg byggðaröskun eigi sér stað eða að lífvænlegar byggðir fari í eyði.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri stofnunarinnar á tímabilinu 14,8 millj. kr. Eigið fé í lok tímabilsins samkvæmt efnahagsreikningi er neikvætt um 483 millj. kr. Eiginfjárhlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er -2,41 %

Stjórn stofnunarinnar, forstjóri og forstöðumaður rekstrarsviðs staðfesta hér með árshlutareikning Byggðastofnunar fyrir tímabilið janúar-júní 2011 með undirritun sinni.

Sauðárkróki 31. ágúst 2011

Forstjóri

Forstöðumaður rekstrarsviðs

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

---

Árshlutareikning þennan fyrir Bygðastofnun fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2011 höfum við í umboði Ríkisendurskoðunar kannað, en hann hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum stofnunarinnar ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós slíkt álit.

## Ályktun

Könnun okkar hefur ekkert leitt í ljós sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Bygðastofnunar á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2011, efnahag hennar 30. júní 2011 og breytingu á handbæru fé 1. janúar til 30. júní 2011.

## Ábending

Án þess að gera um það fyrirvara viljum við vekja athygli á skýringu nr. 14 en hún fjallar um áframhaldandi rekstrarhæfi stofnunarinnar í kjölfar þess að stofnunin þurfti að leggja stórar fjárhæðir í afskriftarreikning útlána. Stofnunin er í eigu og á ábyrgð ríkissjóðs, í ljósi þess teljum við að rekstrarhæfi stofnunarinnar sé tryggt og að grundvallarforsenda reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé ekki brostin.

Sauðárkróki 31. ágúst 2011

---

Árni S. Snæbjörnsson  
löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young hf.  
Borgartúni 30  
105 Reykjavík

# Rekstrarreikningur janúar - júní 2011

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

	2011	2010
	Skýr. janúar - júní	janúar - júní
<b>Vaxtatekjur</b>		
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir.....	29.852	82.007
Vaxtatekjur og verðbætur af útlánum.....	668.942	645.185
	<u>698.795</u>	<u>727.192</u>
<b>Vaxtagjöld</b>		
Vaxtagjöld og verðbætur af lántökum.....	366.200	466.873
Önnur vaxtagjöld.....	590	1.100
	<u>366.790</u>	<u>467.972</u>
Hreinar vaxtatekjur	<u>332.005</u>	<u>259.220</u>
<b>Rekstrartekjur</b>		
Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum.....	143.004	182.850
Önnur framlög ríkissjóðs..... 4	5.000	25.375
Gengismunur.....	41.579	(117.947)
Aðrar rekstrartekjur.....	6.462	7.563
	<u>196.045</u>	<u>97.841</u>
Hreinar rekstrartekjur	<u>528.050</u>	<u>357.061</u>
<b>Rekstrargjöld</b>		
Veittir styrkir til atvinnuþróunarfélaga.....	73.081	77.333
Veittir aðrir styrkir.....	7.500	27.875
Laun og launatengd gjöld..... 3	88.753	84.238
Annar rekstrarkostnaður.....	67.425	55.372
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna.....	2.563	1.546
Framlög í afskriftar. útlána og matsbreyting hlutabréfa.. 2,8	273.912	1.102.353
	<u>513.233</u>	<u>1.348.717</u>
<b>Hagnaður (tap) tímabilsins</b>	<u>14.816</u>	<u>(991.656)</u>

# Efnahagsreikningur

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

	Skýr	30.6.2011	31.12.2010
<b>Eignir</b>			
<b>Sjóður og kröfur á lánastofnanir</b>	5		
Bankainnstæður og verðbréf.....		<u>1.589.015</u>	<u>1.875.859</u>
<b>Útlán</b>			
Útlán til viðskiptavina.....	6	13.497.831	13.196.171
Fullnustueignir.....	7	<u>884.930</u>	<u>867.644</u>
		<u>14.382.762</u>	<u>14.063.814</u>
<b>Eignahlutir í félögum</b>			
Hlutfjáreign.....	9	<u>926.886</u>	<u>951.483</u>
		<u>926.886</u>	<u>951.483</u>
<b>Aðrar eignir</b>			
Skuldunautar.....		36.643	43.036
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	10	<u>57.719</u>	<u>60.282</u>
		<u>94.363</u>	<u>103.318</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>16.993.025</u></u>	<u><u>16.994.474</u></u>

# 30. júní 2011

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

	Skýr.	30.6.2011	31.12.2010
<b>Skuldir og eigið fé</b>			
<b>Lántökur</b>			
Verðbréfaútgáfa.....		4.708.461	4.492.411
Lán frá lánastofnunum.....		<u>12.532.012</u>	<u>12.736.896</u>
	12	<u>17.240.473</u>	<u>17.229.307</u>
<b>Aðrar skuldir</b>			
Afskriftareikningur vegna veittra ábyrgða.....		171.764	161.771
Skuldheimtumenn.....		<u>63.965</u>	<u>101.390</u>
		<u>235.729</u>	<u>263.161</u>
		<u>17.476.202</u>	<u>17.492.468</u>
<b>Skuldir samtals</b>			
		<u>17.476.202</u>	<u>17.492.468</u>
Eigið fé.....	13	<u>(483.177)</u>	<u>(497.993)</u>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>		<u>16.993.025</u>	<u>16.994.474</u>
<b>Utan efnahagsreiknings</b>			
Veittar ábyrgðir.....		227.588	220.659

# Sjóðstreymi janúar - júní 2011

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

	2011 janúar - júní	2010 janúar - júní
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		
Hagnaður (tap) tímabilsins .....	14.816	(991.656)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:		
Framlag í afskriftareikn. útlána og niðurfært hlutafé.....	273.912	1.102.353
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna.....	2.563	1.546
Vextir, verðbætur og gengismunur.....	(52.360)	(2.207.891)
Ógreiddir styrkir.....	(5.600)	(8.000)
Handbært fé frá rekstri	<u>233.330</u>	<u>(2.103.648)</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		
Afborganir útlána.....	195.043	193.375
Veitt lán.....	(52.205)	(220.019)
Innleystar eignir.....	(5.439)	(2.348)
Hlutabréf.....	296	(10.836)
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	0	(10.167)
Skuldunautar.....	6.393	2.585.688
Fjárfestingarhreyfingar	<u>144.088</u>	<u>2.535.693</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		
Afborganir af lántökum.....	(1.679.148)	(1.616.526)
Nýjar lántökur.....	1.046.710	0
Framlag ríkissjóðs.....	0	1.000.000
Skuldheimtumenn.....	(31.824)	(24.508)
Fjármögnunarhreyfingar	<u>(664.262)</u>	<u>(641.033)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....	(286.844)	(208.988)
Handbært fé í ársbyrjun .....	1.875.859	2.167.413
Handbært fé í lok tímabils .....	<u>5 1.589.015</u>	<u>1.958.425</u>



# Skýringar

---

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

## 1. Upplýsingar um stofnunina

Byggðastofnun er lánastofnun, kt. 450679-0389 og er megin starfsemi stofnunarinnar fólgin í útlánum og öðrum fjárhagslegum stuðningi. Lögheimili stofnunarinnar er að Ártorgi 1, 550 Sauðárkróki.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum, nema hvað varðar fjárfestingareignir, afleiður og fjármálagerninga sem ætlunin er að selja aftur og metið er til gangvirðis. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í þúsundum króna, nema þar sem annað er tilgreint.

### Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði árshlutareikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynt önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Verð- og gengistryggðar eignir og skuldir

Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í árshlutareikninginn. Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. júlí 2011. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða gengi í lok tímabilsins. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili stofnuninni framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á tímabilinu.

### Afskriftarreikningur útlána

Afskriftareikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfsemi, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Framlög í afskriftareikning útlána eru færð til gjalda í rekstrarreikningi að frádregnum endurgreiðslum vegna áður afskrifaðra lána.

# Skýringar

---

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

## Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarvirði eða gangvirði þar sem því verður við komið. Matsbreytingar eru færðar yfir rekstur.

## Fjárfestingar

Fjárfestingar stofnunarinnar eru flokkaðar í útlán og kröfur. Þær eru upphaflega metnar á gangvirði eða kostnaðarverði að viðbættum viðskiptakostnaði. Öll viðskipti stofnunarinnar vegna fjárfestinga þess eru skráð á viðskiptadegi, sem telst sá dagur sem stofnunin hefur skuldbundið sig til viðskiptanna.

## Útlán og kröfur

Útlán og kröfur eru fjáreignir, aðrar en afleiður, sem hafa fast eða fyrirfram ákveðið greiðsluflæði og eru ekki skráðar á virkum markaði. Útlán og kröfur eru almennt metnar á kostnaðarverði.

## Skuldunautar

Kröfur á skuldunauta eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga og að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

## Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnstæður og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir.

## Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til stofnunarinnar og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

Arðstekjur eru færðar þegar réttur stofnunarinnar til innheimtu liggur fyrir.

Leigutekjur af útleigu fjárfestingareigna eru færðar samkvæmt línulegri aðferð á leigutímanum.

# Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

## 3. Laun og launatengd gjöld

	2011 janúar-júní	2010 janúar-júní
Laun .....	71.144	66.082
Lífeyrissjóðsframlög .....	8.778	8.296
Önnur launatengd gjöld .....	8.831	9.860
Laun og launatengd gjöld alls .....	88.753	84.238

Að meðaltali störfuðu 20 starfsmenn hjá stofnuninni á tímabilinu m.v. heilsársstörf, sem er óbreytt frá fyrra ári. Í lok tímabilsins voru 20 starfsmenn á launaskrá hjá stofnuninni og heilsdagsstöðugildi voru 20.

## 4. Önnur framlög ríkissjóðs

	2011	2010
Framlag ríkissjóðs v/eflingar atvinnulífs .....	2.000	21.375
Framlag ríkissjóðs v/atvinnuþróunarverkefna .....	3.000	4.000
Önnur framlög ríkissjóðs samtals .....	5.000	25.375

## 5. Sjóður og kröfur á lánastofnanir

	30.6.2011	31.12.2010
Bankainnstæður í íslenskum krónum .....	595.305	284.013
Bankainnstæður í erlendri mynt .....	10.432	8.568
Ríkisskuldabréf .....	983.278	1.583.278
Sjóður og kröfur á lánastofnanir samtals .....	1.589.015	1.875.859

# Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

## 6. Útlán til viðskiptavina

	<u>30.6.2011</u>	<u>31.12.2010</u>
Sundurliðað eftir lántakendum:		
Bæjar- og sveitarfélög .....	0,52%	0,70%
Einstaklingar .....	6,59%	6,61%
Sundurliðað eftir atvinnugreinum: .....		
Þjónustustarfsemi .....	42,55%	41,14%
Sjávarútvegur .....	31,35%	31,34%
Iðnaður .....	15,46%	16,76%
Fjármálastofnanir .....	0,09%	0,04%
Landbúnaður .....	3,43%	3,42%
	<u>100%</u>	<u>100%</u>

Útlán greinast þannig eftir eftirstöðvatíma:

	<u>30.6.2011</u>	<u>31.12.2010</u>
Gjaldkræfar kröfur .....	857.033	624.423
Allt að 3 mánuðum .....	399.841	241.836
Yfir 3 mán. og allt að 1 ári .....	763.219	896.116
Yfir 1 ár og allt að 5 árum .....	3.723.533	3.723.597
Yfir 5 ár .....	7.754.206	7.710.199
	<u>13.497.831</u>	<u>13.196.171</u>

## 7. Fullnustueignir

	<u>30.6.2011</u>	<u>31.12.2010</u>
Fasteignir .....	884.930	867.644
	<u>884.930</u>	<u>867.644</u>

## 8. Afskriftarreikningur útlána

Hreyfingar í þúsundum króna:

	<u>30.6.2011</u>	<u>31.12.2010</u>
Afskriftarreikningur í ársbyrjun .....	4.542.154	4.632.422
Framlag í afskriftarreikning á tímabilinu .....	239.618	2.550.472
Endanlega töpuð útlán .....	(492.998)	(2.640.740)
Staða afskriftarreiknings í lok tímabilsins .....	<u>4.288.774</u>	<u>4.542.154</u>
	<u>janúar-júní</u>	<u>janúar-júní</u>
Framlag á tímabilinu .....	239.618	1.053.106
Framlag vegna ábyrgða .....	9.992	327
Breytingar á mati hlutabréfaeignar .....	24.302	48.920
Framlög í afskriftarreikning skv. rekstrarreikningi .....	<u>273.912</u>	<u>1.102.353</u>
Afskriftarreikningur útlána í hlutfalli af útlánnum .....	24,11%	25,61%

# Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

## 9. Hlutafjáreign

Í lok tímabilsins átti Byggðastofnun eftirtalin hlutabréf sem greinast þannig eftir nafnverði og eignarhluta:

	<u>Eignarhluti</u>	<u>Nafnverð</u>
<b>Fasteignarekstur</b>		
Ámundarkinn ehf. ....	13,49%	21.000
Ásgarður ehf. ....	13,10%	15.000
Dalagisting ehf. ....	12,11%	8.000
Dýralíf ehf. ....	28,92%	4.000
Fasteignafélagið Borg ehf. ....	29,78%	18.825
Fasteignafélagið Hvammur ehf. ....	24,86%	16.919
Grand hótél Mývatn ehf. ....	7,22%	10.000
Hótél Hellissandur ....	24,98%	19.534
Hótél Norðurljós ....	46,40%	2.320
Tröllasteinn ehf. ....	18,92%	7.000
Urtusteinn ehf. ....	8,45%	32.818
<b>Fasteignarekstur samtals</b> .....		<u>155.416</u>
<b>Fjárfestingafélög</b>		
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf. ....	40,00%	109.142
Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf. ....	19,03%	96.840
Eignarhaldsfélag Vestmannaeyja hf. ....	38,77%	7.850
Fjárfestingafélagið Vör hf. ....	41,83%	35.940
Gjöll ehf. ....	22,04%	110
Hvetjandi ehf. ....	49,29%	55.429
Saga eignarhaldsfélag hf. ....	0,37%	354
Tvídrangi ehf. ....	15,27%	4.991
<b>Fjárfestingafélög samtals</b> .....		<u>310.656</u>

*framhald....*

# Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

	<u>Eignarhluti</u>	<u>Nafnverð</u>
<b>Ferðaþjónusta</b>		
Brimnes hótél ehf. ....	12,00%	4.610
Ferðaskrifstofa Austurlands ehf. ....	5,81%	900
Hótel Flúðir hf. ....	11,94%	3.109
Hótel Húsavík hf. ....	0,38%	136
Hótel Valaskjál hf. ....	18,80%	4.500
Hótel Varmahlíð hf. ....	13,04%	3.000
Hvalamiðstöðin Húsavík ehf. ....	19,70%	2.000
Hvíldarklettur ehf. ....	31,39%	30.000
Nes-Listamiðstöð ehf. ....	41,67%	5.000
P/F Smyril-line ....	1,30%	70.364
Rauðka ehf. ....	16,67%	2.000
Snorri Þorfinnsson ehf. ....	19,89%	12.000
Textílfsetur Íslands ses. ....	32,15%	2.000
<b>Ferðaþjónusta samtals</b> .....		<u>139.619</u>
<b>Iðnaður</b>		
Barri hf. ....	48,40%	43.904
Borg, saumastofa ehf. ....	19,82%	170
Eðalís ehf. ....	11,06%	3.000
Fjallalamb ehf. ....	10,68%	10.000
Kjötorka ehf. ....	8,25%	2.000
Raflagnir Austurlands ehf. ....	22,37%	3.600
Sigurjón Magnússon ehf. ....	30,00%	214
TH ehf. ....	4,50%	2.000
Trico ehf. ....	33,33%	5.000
Ullarvinnsla Frú Láru ehf. ....	29,76%	2.500
Vilko ehf. ....	8,22%	2.955
Þörungaverksmiðjan hf. ....	27,67%	7.919
<b>Iðnaður samtals</b> .....		<u>83.262</u>
<b>Heilbrigðis- og líftæknifyrirtæki</b>		
Globodent á Íslandi ehf. ....	7,20%	2.425
<b>Heilbrigðis- og líftæknifyrirtæki samtals</b> .....		<u>2.425</u>
<b>Landbúnaður</b>		
Sláturfélag Austurlands fsvf. ....	28,00%	18.000
Yrkjar ehf. ....	7,29%	1.800
<b>Landbúnaður samtals</b> .....		<u>19.800</u>

*framhald....*

# Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

	Eignarhluti	Nafnverð
<b>Rekstrarráðgjöf</b>		
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf. ....	22,10%	1.933
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf. ....	1,60%	159
Forsvar ehf. ....	12,28%	2.000
<b>Rekstrarráðgjöf samtals</b> .....		4.092
<b>Sjávarútvegur</b>		
Bernskan ehf. ....	34,53%	22.444
Eignarhaldsfélagið Gláma hf. ....	36,52%	114.500
Kampi ehf. ....	35,35%	23.328
Reykofninn-Grundarfirði ehf. ....	15,24%	5.160
Tó hf. ....	10,40%	2.667
Þórsberg ehf. ....	6,09%	2.308
<b>Sjávarútvegur samtals</b> .....		170.407
<b>Upplýsingatækni</b>		
Gagnaveita Skagafjarðar hf. ....	37,80%	103.704
HotMobileMail ehf. ....	24,53%	15.000
Óley ehf. ....	42,02%	10.000
<b>Upplýsingatækni samtals</b> .....		128.704
<b>Verslun og þjónusta</b>		
Samkaup hf. ....	2,77%	10.801
<b>Verslun og þjónusta samtals</b> .....		10.801
<b>Hlutafjäreign samtals</b> .....		1.025.182

Hlutabréf eru bókfærð í árshlutareikningi á 926.886 þús.kr.

## 10. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Innréttingar	Bifreiðar	Samtals
Stofnverð 1/1 .....	70.388	3.219	12.673	86.280
Afskrifað alls 1/1 .....	22.692	322	2.985	25.998
Viðbót á tímabilinu .....	0	0	0	0
Afskrifað á tímabilinu ..	974	322	1.267	2.563
Bókfært verð 30/6 .....	46.723	2.575	8.421	57.719
Stofnverð alls 30/6 .....	70.388	3.219	12.673	86.280
Afskrifað alls 30/6 .....	23.665	644	4.252	28.561
Bókfært verð 30/6 .....	46.723	2.575	8.421	57.719
Afskriftarhlutföll .....	2-3%	20%	20%	

# Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

## 11. Eignir og skuldir tengdar erlendum gjaldmiðlum og verðtryggingu

Gengisbundið:	30.6.2011	31.12.2010
Gengisbundnar eignir .....	9.386.830	9.175.994
Gengisbundnar skuldir .....	12.532.012	12.736.896
Nettó staða gengisbundinna eigna og skulda .....	(3.145.182)	(3.560.902)
Verðtryggt:		
Verðtryggðar eignir .....	4.121.433	4.028.743
Verðtryggðar skuldir .....	4.708.461	4.492.411
Nettó staða verðtryggða eigna og skulda .....	(587.028)	(463.668)

## 12. Lántökur

Lántökur sundurliðast þannig eftir eftirstöðvatíma:

	30.6.2011	31.12.2010
Gjaldkræft .....	0	0
Allt að 3 mánuðum .....	214.017	204.088
Yfir 3 mán. og allt að 1 ári .....	3.032.687	1.118.394
Yfir 1 ár og allt að 5 árum .....	8.544.809	9.987.220
Yfir 5 ár .....	5.448.960	5.919.605
	17.240.473	17.229.307

## 13. Eigið fé

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki skal eigið fé lánastofnunar á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar 8% af svonefndum áhættugrunni. Í lok tímabilsins var eiginfjárlutfall Byggðastofnunar samkvæmt framansögðu -2,41%.

Eigið fé og eiginfjárlutfall samkvæmt eiginfjárákvæðum

	30.6.2011	31.12.2010
Staða í upphafi árs .....	(497.993)	1.129.921
Framlag ríkissjóðs .....	0	1.000.000
Hagnaður (tap) tímabilsins .....	14.816	(2.627.914)
	(483.177)	(497.993)
Eiginfjárlutfall .....	-2,41%	-2,40%

Í lok tímabilsins stóðst stofnunin ekki eiginfjárkröfur sem gerðar eru til fjármálafyrirtækja. Það leiðir til þess að ríkissjóður verður sem eigandi stofnunarinnar að taka til þess afstöðu á síðari hluta ársins hvort halda beri starfseminni áfram í óbreyttri mynd, og þar með nýju eigin fé. Stofnunin er hins vegar í eigu ríkisins og á ábyrgð ríkissjóðs, með vísun í það teljum við að rekstrarhæfi stofnunarinnar sé tryggt og að ekki sé óvissa um rekstrarhæfi hennar.



# Skýringar

---

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

## 14. Rekstrarhæfi

Eins og fram kemur í skýringu nr. 13 uppfyllti stofnunin ekki eiginfjárkröfur sem gerðar eru til fjármálafyrirtækja. Samkvæmt lögum nr. 161/2002 skal eiginfjárlutfall lánastofnana ekki fara undir 8% af svonefndum áhættugrunni en í lok tímabilsins 30. júní 2011 var eiginfjárlutfall stofnunarinnar -2,41%.

Fjármálaeftirlitinu hefur verið gerð grein fyrir helstu ástæðum þess að eiginfjárlutfall uppfyllir ekki kröfur laganna. Helst má þar nefna að stofnunin hefur þurft að leggja til hliðar verulegar fjárhæðir sem framlag í afskriftarreikning útlána. Slíkt eitt og sér teljast vera aðstæður sem geta valdið verulegri óvissu um rekstrarhæfi og þar með óvissu um hvort stofnunin geti selt eignir sínar og greitt skuldir sínar við eðlileg rekstrarskilyrði.

Í nóvember 2010 skipaði iðnaðarráðherra starfshóp til að fjalla um framtíðarfyrirkomulag á lánastarfsemi stofnunarinnar. Megin tilefni þess að starfshópurinn var skipaður var að eigið fé var komið undir lögbindið lágmark. Starfshópurinn skilaði skýrslu sinni í janúar síðastliðnum. Á grundvelli skýrslu starfshópsins skipaði ráðherra nefnd fulltrúa þingflokka til að gera tillögur um framtíðarfyrirkomulag á lánastarfsemi Byggðastofnunar. Í byrjun júlí skilaði nefndin skýrslu sem hún nefnir "Skýrsla nefndar um endurskoðun á lánastarfsemi Byggðastofnunar" Í skýrslunni er að finna tillögur um stefnumótun stjórnar og eiganda Byggðastofnunar, tillögur um heildarendurskoðun laga og reglugerðar um stofnunina og tillögur varðandi efnahagsreikning stofnunarinnar.

Stofnunin er hins vegar í eigu ríkisins og veitti Alþingi í fjárlögum 2011 heimild til að styrkja eiginfjárluta stofnunarinnar um 1.000 milljónir.

Framsetning árshlutareiknings Byggðastofnunar byggir á þeirri grundvallar forsendu að stofnunin sé rekstrarhæf, þ.e. geti innleyst eignir sínar og greitt skuldir við eðlileg rekstrarskilyrði. Samanber það sem hér að framan greinir er eiginfjárstaða stofnunarinnar neikvæð. Ekki er endanlega útséð um hvað framtíðin mun bera í skauti sér fyrir stofnunina. Hins vegar, með vísan til þess að stofnunin er í eigu og á ábyrgð ríkissjóðs, teljum við að rekstrarhæfi stofnunarinnar sé tryggt og því sé ekki til staðar þannig óvissa um rekstrarhæfi að sú grundvallarforsenda reikningsskilanna sé brostin.